

Fyrirspurn

til menntamálaráðherra um íslenskukennslu fyrir útlendinga.

Frá Katrínu Jakobsdóttur.

1. Hversu margir útlendingar hafa nú í ár sótt íslenskunámskeið sem hlotið hafa styrki frá ráðuneytinu?
2. Liggur fyrir spá um það hvort aðsókn að þessum námskeiðum muni dragast saman með breyttu atvinnuástandi?
3. Verður ráðist í gerð framhaldsnámskrár fyrir námskeið umfram þær 225 stundir sem skilgreindar eru í námskrá fyrir grunnnám í íslensku fyrir útlendinga?
4. Hafa verið auglýstir styrkir til námsefnisgerðar í íslensku fyrir útlendinga eins og lagt var til í skýrslu verkefnisstjórnar um íslenskukennslu fyrir útlendinga að ætti að gera haustið 2008?
5. Hafa verið könnuð viðhorf útlendinga til kennslu og námsefnis í íslenskunámskeiðum sem hlotið hafa styrki frá ráðuneytinu?
6. Hafa verið haldin endurmenntunarnámskeið fyrir kennara sem hafa kennt útlendingum íslensku eins og lagt er til í skýrslu verkefnisstjórnar um íslenskukennslu fyrir útlendinga?